

Alþingi
Erindi nr. P 128/1011
komudagur 17.2.2003



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Nefndarsvið Alþingis
b.t Samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2003

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur fengið til umsagnar breytingar á lögum um rannsókn sjóslysa. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, er annað af tveimur markmiðum að fela nefndinni að rannsaka atriði sem ráða miklu um afleiðingar sjóslysa, m.a leitar-og björgunaraðgerðum.

Slysavarnafélagið Landsbjörg setur sig ekki á móti þessari breytingu í eðli sínu, en telur að í ljósi reynslu af rannsókn sem rannsóknarnefnd sjóslysa hefur þegar framkvæmt, að beiðni ráðherra og faglegum þáttum, að skýra verði hlutverk nefndarinnar betur hvað þetta varðar.

Þann 7. desember 2001 fórst vélbáturinn Svanborg SH 404, við Svörtuloft á Snæfellsnesi. Í kjölfarið fól Samgönguráðherra rannsóknarnefnd sjóslysa að rannsaka björgunarpátt þess slyss. Einn af aðilum sem skilað hefur skýrslu og komið gögnum til nefndarinnar er Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 5. Nefndin hefur kallað til viðtals fulltrúa úr Svæðisstjórn og kallað eftir frekari upplýsingum. Málsmeðferð nefndarinnar hefur orðið til þess að innan björgunarsveita á svæðinu er talið eðlilegt að ábyrgðaraðilar björgunarpáttar, séu látnir skila skýrslum til nefndarinnar, ekki björgunarsveitir sem í þetta sinn unnu í umboði lögreglu skv lögum nr.42/1926. Einnig hefur komið fram að ekki sé sérþekking á sviði björgunarmála til staðar innan nefndarinnar. Í 9. gr. núgildandi laga er fjallað um að nefndinni sé heimilt að kalla til sérfræðinga á tilteknum sviðum, telji hún það nauðsynlegt. Ef svo fer telur Slysavarnafélagið Landsbjörg að nauðsynlegt sé að skýra strax frá upphafi, hverjir munu mynda þennan sérfræðingahóp sem hefur þekkingu á leitar-og björgunaraðgerðum. Ekki má í þessum þætti rannsókna sjóslysa, frekar en öðrum, verða óvissa og ágreiningur um fyrirkomulag rannsókna.

Slysavarnafélagið Landsbjörg er tilbúið að senda fulltrúa sína á fund nefndarinnar til ræða athugasemdir þessar.

Með kveðju

Kristbjörn Óli Guðmundsson
Slysavarnafélagið Landsbjörg